

AUGLÝSING

um deiliskipulagsbreytingar í Akureyrarkaupstað.

Hafnarsvæði í Krossanesi, Krossanes 4. Breyting á deiliskipulagi.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar samþykkti þann 20. desember 2011, í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, deiliskipulagsbreytingu fyrir hafnarsvæðið í Krossanesi, dags. 8. apríl 2008.

Vegna stækkunar á aflþynnuverksmiðjunni í Krossanesi 4 stækkar lóð og byggingarreitur til suðvesturs. Krossanesbraut færir einnig til um 15 metra, frá gildandi deiliskipulagi, næst gatnamótunum við Krossanes 4. Við þessar breytingar færast skipulagsmörkin til suðurs og vesturs.

Krossaneshagi B áfangi. Breyting á deiliskipulagi.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar samþykkti þann 20. desember 2011, í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, deiliskipulagsbreytingu fyrir Krossaneshaga, B áfanga, dags. 3. júlí 2003.

Bæjarstjórn samþykkti 17. febrúar 2009 deiliskipulagið Krossaneshagi, C áfangi, en það nær að hluta til inn á skipulagssvæðið Krossaneshagi, B áfangi. Breytingaruppráttur var ekki gerður þá og er sú breyting innfærð hér með.

Breyting á deiliskipulagssvæðinu „Hafnarsvæði í Krossanesi“, samþykkt í bæjarstjórn 20. desember 2011, leiðir til þess að afmörkun deiliskipulagssvæðisins breytist með þeim hætti að hluti þess er felldur úr gildi.

Deiliskipulagstillögurnar hafa hlotið meðferð í samræmi við 37. – 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eins og skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi.

F.h. Akureyrarkaupstaðar, 16. janúar 2012,

Arnar Birgir Ólafsson,
verkefnastjóri skipulagsmála.

B-deild – Útgáfud.: 31. janúar 2012